

Rammaáætlun – umsögn

## Hólmsárvirkjun neðri í Skaftárhreppi

Ég undirritaður er fæddur á Flögu í Skaftártungu og hef farið um áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hólmsárvirkjunar í hartnær hálfra öld. Það hef ég gert í smalamenskum, sem náttúruunnandi, ferðamaður og sem leiðsögumaður ferðamanna og sérfræðinga. Ég vakti athygli á helsingjavarpi við Hólmsá og hef skráð og fylgst með framgangi þess í 15 ár.



***Fyrirhugað lónstæði. Atley til vinstri, Mýrdalsjökull og Merkigil í baksýn. Bolhellistorfur í forgrunni.***

Ástæða þess að ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á staðhættum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hugsanlegrar Hólmsárvirkjunar með stíflun Hólmsár við Atley er að ég hef þrúfaldlega að undanfögnu orðið var við þann misskilning hjá sérfræðingum og þeim sem taka þátt í umræðunni um virkjunina, að þessi virkjun og það sem henni tengist sé á landi og í umhverfi sem ekki sé eftirsjá að. Landið sé að mestu sandar og áraurar sem engum nýtist.

### Óafturkræfar breytingar

Verði af Hólmsárvirkjun með stíflu við Atley er ljóst að umhverfisáhrif eru mjög mikil og óafturkræf. Fyrirhugað lón er eitt þúsund hektarar eða 10 km<sup>2</sup>. Það er svo dæmi sé tekið um 20% af stærð Háslóns við Kárahnjúka, en afl Hólmsárvirkjunar er áætlað um 70 MW sem er u.þ.b. 10% af afl Kárahnjúkavirkjunar.



**Bolhellihamrar og Hólmsá.** Við fyrirhugað stíflustæði.

## Framburður og leirfok

Ljóst er að Jökulkvíslin ber mjög mikinn framburð af jökulmori (leir) inn í lónið sem valda mun miklu leirfoki af ströndum lónsins þegar lágt verður í því. Þegar gróður eyðist af strandlínunni þá opnast þar sandsvæði þar sem sandur úr Jökulkvíslinni bætist við. Næsta víst er að sandurinn af ströndum lónsins veldur áfoki út á gróið land þegar lágt verður í lóninu.

Um 70% lónstæðisins er gróið land eða 600–700 ha. Lítt og ógróið land og vatn er um 30% af lónstæðinu. Þetta land er frá því að vera í um 140–175 m.y.s. Til samanburðar má geta þess að þær bújarðir í Skaftártungu sem hæstar eru yfir sjó liggja í um 200 m.y.s.

## Lítt eða óröskuð víðerni

Allt áhrifasvæði virkjunarinnar ef þarna verður virkjað er lítt eða óröskuð víðerni, það á við um allt land undir stíflu og lón, land undir 25–30 kílómetra loftlínu til tengingar við Sigöldulínu og veg henni fylgjandi og land undir skurði, garða og aðkomu að mannvirkjum.



**Villingaskógar og Skógá.** Strandlína fyrirhugaðs lóns yrði við efri brún fossins.

## Fjölbreyttur gróður

Stór hluti virkjunarsvæðisins tilheyrir svokölluðum Utanfljótsheiðum, en það eru heiðarlönd jarða sem liggja vestan Tungufljóts í Skaftártungu. Þessar heiðar hafa í gegnum aldirnar verið mjög gott beitiland og sérstaklega með Hólmsá, þar sem landið er lægst og gróðurinn fjölbreyttastur. Þar er auk þess afar skjólgott. Þessar heiðar voru ekki aðeins beitilönd aðliggjandi jarða heldur gekk þar fram til 1970 stór hluti sauðfjár Álftveringa í sumarhögum.



**Foss í Skógá.** Strandlína fyrirhugaðs lóns yrði við efri brún fossins.



**Bolhellistorfur og Hólmsá.** Mynd tekin í hæð fyrirhugaðrar stíflu.

Höfuðatvinnuvegir í Skaftárhreppi eru landbúnaður og ferðaþjónusta og er engin ástæða til að ætla annað en svo verði áfram í næstu framtíð. Uppbygging í ferðaþjónustu hefur verið mjög hröð á síðustu árum. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar rýnt er í framtíð svæðisins á komandi áratugum. Á svæðinu eru griðarstaðir fugla, þar er annar af tveimur varpstöðum helsingja á Íslandi.

## Gamall birkiskógur

Hluti þessa lands (50 til 100 hektarar) er klætt gömlum birkiskógi sem sumstaðar er yfir tveir metrar á hæð. Þessi skógur er ásamt öðrum birkiskógi á svæðinu talinn síðustu leifar Dynskóga, sem við landnám náðu milli fjalls og fjöru, en eru nú löngu komnir undir hraun og sand frá Kötlu. Í þessum skógi er að auki að finna flest það sem prýða má slíka staði svo sem gulvíði, loðvíði, eini, reynivið, blágresi, hrútaberjalyng, o.fl.

## Saga skóganna

Í Sögu skóganna er frásögn um Skaftártunguskóga frá árinu 1816. Þar er m.a. fjallað um þetta svæði, það er Villingaskógar og Bolhellistorfur. Það ár er lögð fram kæra yfir gengdarlausu skógarhöggi og kolabrennslu og yfir hraklegri umgengni um skógana svo að til stórspjalla og aleyðingar horfi. Birki er rífið upp með rótum og viðargrafir skildar eftir ófrágengnar.

Þarna var brugðist við, þessir skógar voru metnir og ákveðið hvað úr þeim mætti taka árlega og af hverjum. Það sýndi sig að þarna í öllu bjargarleysinu var þessum skógum þyrmt, þökk sé framsýni þessara forfeðra okkar.

## Bergvatnsár og lækir

Um svæðið renna lækir og bergvatnsár, þær falla í fossum og flúðum og enda að lokum í stóranni Hólmsá sem á upptök sín í Hólmsárlónum sunnan Torfajökuls. Yfir svæðinu vakir síðan Mýrdalsjökull með eldstöðina Kötlu.

Stórum, lítt röskuðum víðernum fer stöðugt fækkandi á Íslandi og einnig í heiminum. Það er mitt mat að í þeim felist margföld verðmæti fyrir komandi kynslóðir miðað við hugsanlegan arð af fyrirhugaðri virkjun. Landið sem fer undir vatn, ef af virkjun verður, er einstök náttúruperla og víðerni sem eiga fáa sína líka. Að auki fara tugir hektara af lítt og óröskuðu, grónu landi undir vegi, skurði, línur, og önnur mannvirki.



***Brunná og Dalur, skammt frá Flögu. Svæði undir fyrirhugað stöðvarhús, tengivirki og gangnamunna.***

Áður en verður af virkjun Hólmsár með stíflu við Atley er rétt að hafa í huga:

- Þúsundir hektara af lítt röskuðu víðerni verða fyrir áhrifum.
- Skaftártunga er klofin eftir endilöngu með 25–30 km. langri háspennulínu.
- Fágætum náttúruperlum er sökkt undir vatn.
- Þrengt er að grunnatvinnuvegum svæðisins.
- Hólmsá er tekin úr föstum farvegi sínum á 10 km. kafla.
- Til verður 25 km. löng strandlína með breytilegu vatnsyfirborð og tilheyrandi leirfoki.
- Einstakar móbergsmýndanir í Skaftártungu verða fyrir áhrifum.

Ég tel að ofangreindar staðreyndir og ýmislegt annað geri það að verkum að Hólmsárvirkjun neðri eigi að vera í verndarflokki Rammaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Vigfús Gunnar Gíslason  
Lýsubergi 12, 815 Þorlákshöfn